

2. gr.

92

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

2. sept.

Þetta birtist hérmeð öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytingu, 2. september 1935.

Hermann Jónasson.

Gissur Bergsteinsson.

SAMÞYKKT

93

fyrir Vatnsveitufélag Selfoss.

10. sept.

1. gr.

Nafn félagsins er Vatnsveitufélag Selfoss.

2. gr.

Heimilisfang félagsins er á Selfossi í Árnessýslu og varnarþing þess í Sandvíkurhreppi í sömu sýslu.

3. gr.

Verkefni félagsins er að sjá félagsmönnum fyrir nægu og góðu vatni, til heimilis og búsparfa, iðnaðar og iðju, án orkunýtingar, með því að leggja vatnsæð frá Ingólfsfjalli um vegi og óbyggð svæði, yfir Ölfusárbrú, meðfram þjóðvegi að Mjólkurbúi Flóamanna og skúrum Sveins Jónssonar, halda vatnsveitunni við og annast rekstur hennar.

Vatnsveitufélagið hefir einkasölu á vatni til hverra þarfa sem er á félagssvæðinu.

4. gr.

Eignir þær, sem taldar eru upp hér á eftir, taka þátt í félaginu:

Skúrar Sveins Jónssonar; Múli, eign Gissurar Gamalielssonar; Ingólfur, eign Guðlaugs Þórðarsonar; Höfn, eign S. Ó. Ólafssonar & Co.; Sigtún, eign Kaupfélags Árnesinga; Sunnuhvoll, eign Helga Ágústsonar; hús Grims Thorarensen; íbúðarhús Kaupfélags Árnesinga; Ásheimar, eign Magnúsar Þorkelssonar; Hlöður, eign Jóhanns Ólafssonar; Selfoss I og II; Tryggvaskáli eign Guðlaugs Þórðarsonar; póst- og símahús, eign ríkissjóðs; Hamar, eign Björgvins Þorsteinssonar; Núpur, eign Jóns Ingvarssonar; Staður, eign Ólafs Sigurðssonar; barnaskólinn, eign Sandvíkurhrepps; Árnes, eign Kristins Vigfússonar; hús Einars Pálssonar; sláturhús, eign Sláturfélags Suðurlands; húseign Vigfúsar Guðmundssonar; Fagurgerði, eign Björns Sigurbjarnarsonar; hús Landsbanka Íslands; Sólbakki, eign Sigursteins Steinþórssonar; hús Mjólkur-

10. sept. **93** hús Flóamanna; Merkiland, eign Ingólfs Þorsteinssonar og sumarbústaður, eign L. Storr, allar eignir þessar með tilheyrandi lóðum. Eigendur ofangreindra landareigna, og þar með félagar í vatnsveitufélaginu, eru greindir á sérstakri skrá.

5. gr.

Nú óska nýir menn inngöngu í félagið og skulu þeir þá senda stjórn félagsins skriflega umsókn þar um. Telji stjórnin að skylt sé samkvæmt landslögum að veita umsækjendum inntöku, getur hún gert það, ef umsækjendur skuldbinda sig til að hlíta samþykkt félagsins og þeim sérstöku skilyrðum, er félagsstjórn kann að setja umsækjendum. Að öðrum kosti skal stjórnin leggja umsóknir um inntöku í félagið fyrir félagsfund.

6. gr.

Um úrsögn úr félaginu fer sem segir í 111. gr. vatnalaganna nr. 15, 20. júní 1923.

7. gr.

Lögmætir félagsfundir hafa æðsta vald í öllum félagsmálum með þeim takmörkunum, sem í samþykkt þessari getur. Félagsfundir eru lögmætir þegar löglega hefir verið til þeirra boðað, án tillits til þess, hve margir sæki fundi, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í samþykkt þessari.

8. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn innan félagssvæðisins í síðasta lagi fyrir lok marzmánaðar ár hvert. Skal stjórnin boða til hans með að minnsta kosti tveggja vikna fyrirvara. Dagskrá skal greina í fundarboði.

9. gr.

Aukafundi skal halda þegar stjórn félagsins þykir við þurfa samkvæmt fundarályktun, eða þegar þess er krafizt af a. m. k. 5 félagsmönnum. Skal jafnframt kröfunni um fundinn skýrt frá því, í hvaða tilgangi fundarins er krafizt. Skal stjórnin þá boða fundinn innan 14 daga frá því krafan kom henni í hendur, ella geta félagsmenn gert það sjálfir. Aukafundir skulu haldnir á sama stað og boða til þeirra á sama hátt og til aðalfunda, sbr. 8. gr. Dagskrá sé getið í fundarboðinu, enda verður aðeins tekin ályktun um þau mál, sem nefnd hafa verið í fundarboðinu, nema að minnsta kosti $\frac{1}{5}$ fundarmanna samþykki annað.

10. gr.

Hver félagsmaður hefir eitt atkvæði á fundum félagsins. Félagmenn mega fela öðrum félagsmönnum að fara með atkvæði sín á fundum, en stjórnendur félagsins geta eigi farið með umboð fyrir aðra.

11. gr.

Aðaltillögur þær, sem koma eiga fram á félagsfundum, skulu vera til sýnis hjá formanni félagsins 3 dögum fyrir fundinn. Þó má gera undantekningar frá þessu á fundum með $\frac{4}{5}$ greiddra atkvæða. Viðauka- og breytingartillögur við aðaltillögur, sem löglega eru fram komnar, má bera upp á fundinum sjálfum, þó félagsmönnum hafi eigi verið gefinn kostur á að kynna sér þær.

Þrem dögum fyrir hvern aðalfund, skal reikningur félagsins fyrir hið liðna ár, ásamt athugasemdum endurskoðenda, svörum félagsstjórnar og tillögum endurskoðenda til úrskurðar, vera til sýnis fyrir félagsmenn hjá formanni félagsins.

12. gr.

Félagsfundum stjórnar fundarstjóri, sem fundurinn kýs, og kveður hann sér fundarritara. Fundarstjórinn sker úr öllu, sem snertir lögmati fundarins, form umræðna, meðferð mála á fundum og atkvæðagreiðslur. Þó skulu þær fara fram skriflega, ef einhver fundarmanna krefst þess.

13. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

- a. Stjórn félagsins skýrir frá gerðum sínum og framkvæmdum á liðnu starfsári, leggur fram til úrskurðar endurskoðaða rekstrarreikninga fyrir hið liðna ár og efnahagsreikning með athugasemdum endurskoðenda, svörum félagsstjórnar og tillögum til úrskurðar frá endurskoðendum.
- b. Kosin stjórn félagsins og endurskoðendur, samkvæmt ákvörðun samþykktar þessarar.
- c. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál, sem upp hafa verið borin löglega.

14. gr.

Afl atkvæða ræður úrslitum á félagsfundum, þar sem að 2 eða fleiri fá jafn mörg atkvæði við kosning stjórnenda eða endurskoðenda, skal hlutkesti ráða. Samþykktum félagsins verður þó eigi breytt nema á fundi þar sem mættir eru a. m. k. $\frac{3}{4}$ félagsmanna og breytingar samþykktar með $\frac{3}{4}$ greiddra atkvæða á fundinum. Ef eigi sækja nógu margir slíkan fund, skal boða til nýs fundar, innan 14 daga á sama hátt og segir í samþykkt þessari. Ræður sá fundur málinu til lykta með $\frac{3}{4}$ greiddra atkvæða án tillits til þess, hve margir félagsmanna sækja fundinn.

15. gr.

Rita skal í sérstaka gerðabók allar fundarsamþykktir og stutta skýrslu um annað, er gerist á félagsfundum. Fundargerðin skal lesin upp í fundarlok og borin undir atkvæði og undirskrifuð af fundarstjóra og fundarritara. Þessi fundarskýrsla skal vera full sönnun þess, er farið hefir fram á fundinum.

16. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 3 mönnum úr félaginu, sem aðalfundur kýs til eins árs í senn. Fyrsta stjórn félagsins sé kosin á stofnfundi. Tveir stjórnarmenn skulu kosnir til vara.

17. gr.

Stjórnin skiptir með sér störfum þannig, að einn sé formaður, annar gjaldkeri og þriðji ritari. Á fundum stjórnarinnar ræður afl atkvæða úrslitum. Stjórnin heldur fundi þegar formanni þykir við þurfa, en auk þess er formanni skylt að boða til funda þegar annarhvor meðstjórnenda krefst þess. Það, sem gerist á stjórnarfundum, skal bóka í gerðabók félagsins, og ritar stjórnin undir.

Ályktanir á stjórnarfundum eru því aðeins löglegar að 2 stjórnendur að minnsta kosti séu á fundum, enda séu þeir sammála um atriði það, sem ráða á fram úr. Stjórnin ræður öllum félagsmálum milli funda og getur skuldbundið félagið og eignir þess með ályktunum sínum og samningum, þar á meðal veðsett þær. Þó þarf samþykki allra stjórnarmanna til að veðsetja eignir félagsins. Stjórnin hefir umráð vatnsveitunnar og annast öll framkvæmdastörf, þar á meðal að sjá um lagningu vatnsveitunnar að öllu leyti, ákveða hvar og hvenær vatnsæðar skuli lagðar, semja um kaup á öllu efni og áhöldum til vatnsveitunnar og alla vinnu við hana. Félagisstjórnin hefir og vald til að taka lán fyrir vatnsveitufélagið og veðsetja eignir þess til tryggingar, svo sem fyrr segir. Gjaldkeri innheimtir vatnsskatt og allar aðrar tekjur félagsins og kvittar fyrir.

18. gr.

Félagisstjórnin setur þær reglur, sem hún telur við þurfa um notkun vatnsins og meðferð þess, svo og um meðferð á vatnsæðum og tilhögun húsæða, efni í þær og vídd þeirra. Til þess að vatnsæð verði lögð frá aðalvatnsveitunni í hús, þarf skriflegt samþykki félagisstjórnarinnar og mega eigi framkvæma það starf né lögn húsæða, breytingar eða aðgerðir á þeim, aðrir en þeir, sem lög-giltir eru vatnsvirkjarar eða þeir, sem félagisstjórnin löggildir vatnsvirkjara fyrir vatnsveitufélagið.

19. gr.

Félagisstjórninni eða eftirlitsmönnum, sem hún skipar, er heimilt að fara í hús félagsmanna til þess að athuga vatnsæðar og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Nú þykir félagisstjórninni eða eftirlitsmanni útbúnaði ábótavant að einhverju leyti og skal þá félagsmaður tafarlaust bæta úr því á þann hátt og innan þess tíma, sem félagisstjórnin eða eftirlitsmaður leggur fyrir, að öðrum kosti getur félagisstjórnin látið framkvæma verkið á kostnað félagsmanns.

20. gr.

Félagisstjórninni er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem eigi greiða vatnsskatt á réttum gjalddaga, vanrækja aðgerðir samkv. 19. gr. eða eftir ítrekaðar áminningar eyða vatni að óþörfu eða nota það svo óþrifnaði valdi,

hvorttveggja að dómi félagsstjórnar. Sama er og ef félagsmaður vanrækir að halda vatnsæðum sínum vel við, að álitni félagsstjórnar, vanrækir að gera við þær ef þær bila, eða gætir þess ekki að forðast að frjósi í vatnsæðum. 93
10. sept.

Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig þann tíma, sem vatnsæðinni er lokað.

21. gr.

Starfsár félagsins og reikningsár er almanaksárið.

22. gr.

Til þess að standast kostnað þann, sem félagsskapurinn hefir í för með sér, skulu félagsmenn greiða vatnsskatt samkvæmt gjaldskrá, sem félagsstjórnin setur. Vatnsskattinn má taka lögtaki og skal hann tryggður með lögveðrétti í hlutaðeigandi fasteign næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hverskonar sammingsveði og aðfararveði. Gjaldtagi á vatnsskatti skal vera 1. nóv. ár hvert.

23. gr.

Aðalfundur kýs 2 endurskoðendur og 1 til vara, til eins árs í senn. Stofnfundur kýs fyrstu endurskoðendur og varaendurskoðanda.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal gjaldkeri hafa lokið við reikning félagsins undanfarið starfsár og afhent hann endurskoðendum. Með útgjöldum skulu í reikningum taldar þær upphæðir til frádráttar á bókuðu eignarverði félagsins, sem félagsstjórn ákveður. Endurskoðendur skulu ljúka endurskoðuninni innan viku frá því reikningurinn kom þeim í hendur og afhenda hann formanni félagsstjórnar með athugasemdum sínum. Síðan skal félagsstjórn svara tafarlaust athugasemdum endurskoðenda og endursenda endurskoðendum, sem gera tillögur til úrskurðar innan viku frá því þeir fengu svör stjórnarinnar og fá síðan formanni félagsins aftur reikninginn.

Endurskoðendur skulu jafnan hafa aðgang að öllum bókum, skjölum og sjóði félagsins til eftirlits.

24. gr.

Aðalfundur getur ákveðið að leggja í endurnýjunar- og varasjóð tekjufgang félagsins að öllu eða nokkru leyti, og má félagsstjórnin eigi nota það sjóðfé nema með samþykki félagsfundar.

25. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum allt að 500 kr. og renna þær í félagssjóð.

Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti almennra lögreglumála. Sama og um brot á samþykkt þessari gildir um brot á reglum þeim, sem settar eru um einkarétt félagsins til vatnssölu.

93

10. sept.

Félagsmönnum er skylt að fara vel með vatnsæðar og önnur mannvirki félagsins og skulu skemmdir á þeim varða sektum allt að 500 kr. auk skaða eftir almennum reglum.

26. gr.

27. gr.

Um tillögur til slita á félaginu fer eftir sömu reglum sem um breytingar á samþykkt þessari. Félaginu skal slíta samkvæmt ákvæðum 112. gr. vatnalaganna nr. 15, 20. júní 1923. Fundur sá, sem ákveður að slíta félaginu, kveður og á um, hvernig ráðstafa skuli eignum félagsins og borgun skulda. Jafnframt skal fara eftir fyrirmælum 113. gr. téðra laga eftir því sem við á.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. september 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

94

10. sept.

G J A L D S K R Á

um vatnsskatt í Vatnsveitufélagi Selfoss.

1. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem standa á lóð, er liggur að vegi eða opnu svæði, þar sem vatnsæðar liggja, svo og öðrum húsum, er fá vatn leitt úr vatnsveitu félagsins, skal greiða vatnsskatt árlega er sé 5 — fimm — af þúsundi af fasteignamatsverði húsanna.

Auk þessa gjalds greiðir húseigandi 10 krónur árlega fyrir hvern vatnskranu utan húss. Þó skal vatnskranin í utanhúss þvottahúsi undanþeginn gjaldi þessu.

2. gr.

Skattur fyrir verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en venjulegra heimilsparfa, skal venjulega ákveðinn með samningi við félagsstjórnina. Náist ekki samkomulag um upphæð skattsins, skal almennur félagsfundur ákveða hann, þó þannig, að það sé í samræmi við gildandi vatnalög.

3. gr.

Húseigandi ábyrgist vatnsskatt. Heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaaukningu svarar, þótt leigan hafi áður verið ákveðin.